



HVAR ERU RÍKISSTÖRFIN?

Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2020



Þróunarsvið, 21. október 2021
Þorkell Stefánsson

Helstu niðurstöður

- Stöðugildi á vegum ríkisins voru 25.232 við áramót 2020/2021. Á árinu 2020 fjölgaði stöðugildum um 362 eða um 1,5%.
- Frá áramótum 2014/2015 hefur stöðugildum á vegum ríkisins fjölgað um 2.601 eða um 11,5%.
- Flest stöðugildi á vegum ríkisins eru unnin á höfuðborgarsvæðinu, enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (72%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%). Þetta á ekki við um neinn annan landshluta.
- Stöðugildi á vegum ríkisins samsvara 11,4% af fjölda íbúa höfuðborgarsvæðisins á vinnualdri (15-64 ára) og 11,0% af íbúum Norðurlands vestra, þar sem hlutfallið er næst hæst. Á Norðurlandi eystra og á Vestfjörðum samsvara stöðugildi á vegum ríkisins um 10% af íbúafjölda á vinnualdri. Lægsta hlutfall stöðugilda af íbúafjölda á vinnualdri er á Suðurnesjum 6,2% og næst lægst á Suðurland 7,3%.
- Stöðugildum kvenna fjölgaði um 436 (2,8%) árið 2020 en stöðugildum karla fækkaði um 74 (0,8%).
 - Fækkun stöðugilda karla má fyrst og fremst rekja til fækkunar hjá félögum tengdum ISAVIA.
 - Skýring á fjölgun stöðugilda kvenna tengist fyrst og fremst fjölgun á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum sem koma eflaust að miklu leyti til vegna áhrifa COVID-19. Auk þess var nokkur fjölgun stöðugilda kvenna hjá Vinnumálastofnun.
- Mest fækkun stöðugilda var í Reykjanesbæ (28 – helst vegna ISAVIA), í Bláskógabyggð (22 – helst vegna Þjóðgarðsins á Þingvöllum) og í Akraneskaupstað (12 – helst vegna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands).
- Mest fjölgun stöðugilda varð í Reykjavík (216 – helst vegna Landspítala, heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og Vinnumálastofnunar) og í Hafnarfjarðarkaupstað (186 – helst vegna flutninga aðalstöðva Hafrannsóknarstofnunar).
- Flest stöðugildi á vegum ríkisins heyra undir málaflokka tveggja ráðuneyta:
 - Flest stöðugildi, eða 43% eru vegna málaflokka heilbrigðisráðuneytisins. Þeirra á meðal eru um fjögur þúsund stöðugildi vegna Landspítalans og mikill fjöldi starfa hjá heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum.
 - Næst flest stöðugildi eru vegna málaflokka mennta- og menningarmálaráðuneytisins, til að mynda störf hjá háskólum, framhaldsskólum og menningarstofnunum.

Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Bygðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi hjá stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Starfsfólk banka í ríkiseigu er ekki talið með í greiningunni. Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda karla og kvenna við áramót 2020/2021. Störfin eru mun fleiri en stöðugildin en hér eru upplýsingarnar settar fram með fjölda stöðugilda. Þá er miðað við hvar störfin eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Í töflum er fjöldi stöðugilda námundaður við næstu heilu tölu. Frekari tölulegar upplýsingar má finna í [mælaborði sem kemur út samhliða þessari skýrslu](#).

Mikið er lagt upp með að hafa gögnin sambærileg á milli ára. Því fer gagnaöflun fram með skipulögðum hætti og drjúgum tíma er varið í að rýna gögnin. Þó ber þess að geta að enn gætu leynst villur í gögnunum og fögnum við öllum ábendingum um það sem betur má fara. Gögn eru uppfærð aftur í tímann eftir því sem tilefni gefur til. Frekari upplýsingar veitir Þorkell Stefánsson, sérfræðingur á þróunarsviði í síma 455-5400 eða í tölvupósti, thorkell@byggdastofnun.is.

Landið allt

Í töflu 1 má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu um áramót sjö ár í röð, skipt niður á kyn. Stöðugildum hefur fjölgað á milli allra ára, þó hlutfallslega mest milli árana 2016 og 2017. Heildarfjölgun stöðugilda frá 2014 til 2020 eru 2.601 stöðugildi eða 11,5%.

Þann 31. desember 2020 var heildarfjöldi stöðugilda 25.232, þar af voru 16.143 skipuð af konum og 9.090 af körlum. Á árinu 2020 fjölgaði stöðugildum um 362 á landsvísu eða um 1,5%. Kynjahlutfallið hefur verið stöðugt undanfarin ár og stöðugildi kvenna verið um 63%. Stöðugildum karla fækkaði hins vegar á árinu 2020 á meðan stöðugildum kvenna fjölgaði og konur skipuðu því um 64% ríkisstarfa í árslok. Á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum voru rúm 10 þúsund stöðugildi í árslok 2020 og skipuðu konur um 82% þeirra. Mest fjölgun stöðugilda var hjá Hrafnistu, Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Vinnumálastofnun en mest fækkun hjá ISAVIA og tengdum félögum, Háskóla Íslands, Þjóðgarðinum á Þingvöllum og Íslandspósti.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda frá áramótum 2014/2015.

Dagsetning	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting milli ára	
31.12.2014	14.216	8.415	22.632	+63	+0,3%
31.12.2015	14.437	8.530	22.967	+336	+1,5%
31.12.2016	14.915	8.668	23.583	+616	+2,7%
31.12.2017	15.349	8.869	24.218	+635	+2,7%
31.12.2018	15.685	9.009	24.694	+476	+2,0%
31.12.2019	15.707	9.164	24.871	+177	+0,7%
31.12.2020	16.143	9.090	25.232	+362	+1,5%

Flokkun stöðugildanna 25.232 út frá forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta¹ má sjá í töflu 2. Yfirstjórn ríkisins, stöðugildi sem ekki heyra undir ráðuneyti, telur 352 stöðugildi. Þar af eru flest vegna Alþingis og ríkisstjórnar, Rekstrarfélags stjórnarráðsins (Umbru) og Ríkisendurskoðunar. Um 43% stöðugilda ríkisins heyra undir heilbrigðisráðuneytið eða tæplega 11 þúsund. Þar af eru rúm fjögur þúsund vegna Landspítala. Auk þess er stór hluti stöðugildanna vegna hjúkrunarheimila, heilsugæslu og heilbrigðisstofnana. Um 21% stöðugilda heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið eða 5.390. Stærstur hluti þeirra eru vegna háskóla og framhaldsskóla, flest vegna Háskóla Íslands eða tæplega 1.500. Auk þess tilheyra menningarstofnanir á borð við RÚV, Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands ráðuneytinu.

Stöðugildi sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eru 2.150 eða 8,5%. Þar munar mestu um stöðugildi vegna ISAVIA og tengdra félaga, Íslandspósts og Vegagerðarinnar. Dómsmálaráðuneytinu tilheyra 2.069 stöðugildi eða 8,2%. Þar undir eru meðal annars lögregluembættin, dómstólar, Landhelgisgæslan, Þjóðkirkjan og Fangelsismálastofnun. Undir fjármála- og efnahagsráðuneytið heyra 1.248 stöðugildi eða 4,9%. Stór hluti þeirra er vegna Skattsins, Landsvirkjunar og ÁTVR. Undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið heyra 973 stöðugildi eða 3,9%. Þar á meðal eru stöðugildi vegna RARIK, Hafrannsóknarstofnunar, Matís og Matvælastofnunar.

Félagsmálaráðuneytinu tilheyra 726 stöðugildi eða 2,9%, meðal annars vegna Vinnumálastofnunar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Barnaverndarstofu. Undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið heyra 660 stöðugildi eða 2,6%, þar á meðal vegna Veðurstofu Íslands og Umhverfisstofnunar. Forsætisráðuneytinu tilheyra 499 stöðugildi eða 2,0%, þar af er stór hluti vegna Seðlabanka Íslands og nokkur hluti vegna Hagstofu Íslands. Utanríkisráðuneytið hefur 277 stöðugildi eða 1,1%, en þar undir eru aðalskrifstofa ráðuneytisins, Sendiráð Íslands, Íslandsstofa o.fl.

¹ Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018 (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018119.html>).

Tafla 2. Fjöldi stöðugilda eftir málaflokkum ráðuneyta.

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Hlutfall stöðugilda
Yfirstjórn ríkisins	169	182	352	1,4%
Heilbrigðisráðuneyti	8.953	1.936	10.889	43,2%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	3.113	2.278	5.390	21,4%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	832	1.318	2.150	8,5%
Dómsmálaráðuneyti	892	1.177	2.069	8,2%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	583	665	1.248	4,9%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	383	591	973	3,9%
Félagsmálaráðuneyti	506	219	726	2,9%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	314	346	660	2,6%
Forsætisráðuneyti	244	255	499	2,0%
Utánríkisráðuneyti	155	122	277	1,1%
Samtals stöðugildi	16.143	9.090	25.232	100,0%

Á höfuðborgarsvæðinu búa 64% landsmanna en þar eru um 72% allra ríkisstarfa unnin (tafla 3). Á heildina litið samsvarar fjöldi stöðugilda ríkisins tæplega 7% af íbúafjölda landsins, eða rúmlega 10% íbúa á vinnualdri (15-64 ára). Hlutfall stöðugilda af mannfjölda á vinnualdri er hæst á höfuðborgarsvæðinu (11,4%) og næsthæst á Norðurlandi vestra (11,0%). Lægst er hlutfallið á Suðurnesjum eða 6,2% og þar fækkaði stöðugildum hlutfallslega mest á milli ára. Mest munaði þar um fækkun starfa hjá félögum tengdum ISAVIA.

Tafla 3. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins.

	Stöðu- gildi kvenna	Stöðu- gildi karla	Samtals stöðu- gildi	Breyting frá 31.12.19	Íbúafjöldi 1. jan 2021	Hlutfall lands- manna	Hlutfall stöðugilda landsins	Hlutfall stöðugilda af íbúafj.	Íbúafjöldi 15-64 ára	Hlutf. stöðug. af íbúafjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæðið	11.653	6.446	18.099	+444 (+2,5%)	236.528	64,1%	71,7%	7,7%	158.797	11,4%
Suðurnes	631	588	1.219	-159 (-11,6%)	28.195	7,6%	4,8%	4,3%	19.538	6,2%
Vesturland	551	272	823	-10 (-1,1%)	16.710	4,5%	3,3%	4,9%	10.679	7,7%
Vestfirðir	276	179	455	+8 (+1,8%)	7.108	1,9%	1,8%	6,4%	4.654	9,8%
Norðurland vestra	330	181	511	+24 (+4,9%)	7.400	2,0%	2,0%	6,9%	4.651	11,0%
Norðurland eystra	1.385	620	2.005	+41 (+2,1%)	30.613	8,3%	7,9%	6,5%	19.720	10,2%
Austurland	360	199	558	+3 (+0,6%)	10.850	2,9%	2,2%	5,1%	6.954	8,0%
Suðurland	924	573	1.497	+9 (+0,6%)	31.388	8,5%	5,9%	4,8%	20.451	7,3%
Erlendis	32	32	64	+0 (+0,7%)	-	-	-	-	-	-
Samtals stöðugildi	16.143	9.090	25.232	+362 (+1,5%)	368.792	100%	100%	6,8%	245.444	10,3%

Skipting stöðugilda niður á málaflokka ráðuneytanna er nokkuð mismunandi milli landshluta (mynd 1).

Stöðugildi sem falla undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins eru, eins og áður segir, 43% af stöðugildum á landsvísu en hlutfall þeirra innan landshluta er hæst á 51% á Norðurlandi eystra og næst hæst 50% á Vesturlandi og á Austurlandi. Hlutfallið er lægst 26% á Suðurnesjum og næst lægst 34% á Norðurlandi vestra.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru 21% allra stöðugilda á landsvísu. Á Höfuðborgarsvæðinu og Norðurland eystra er hlutfall þessara stöðugilda hæst, eða 23%. Lægst hlutfall stöðugilda sem tilheyra málaflokkum mennta- og menningarmálaráðuneytisins er 8% á Suðurnesjum og næst lægst á Vestfjörðum 10%. Stöðugildi utan höfuðborgarsvæðisins sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið eru fyrst og fremst í framhaldsskólum og háskólum.

Hlutfall stöðugilda vegna málaflokka samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins er tæplega 9% á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er lang hæst á Suðurnesjum eða 41%, fyrst og fremst vegna stöðugilda á vegum ISAVIA og tengdra félaga. Annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að stöðugildi sem heyra undir ráðuneytið séu vegna Íslandspósts og Vegagerðarinnar.

Stöðugildi sem heyra undir dómsmálaráðuneytið eru um 8% stöðugilda á landsvísu. Á Suðurnesjum er hlutfall þeirra stöðugilda 19%, fyrst og fremst vegna stöðugilda Lögreglustjórans á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunnar. Á Suðurlandi er hlutfall stöðugilda sem heyra undir dómsmálaráðuneytið 14%, m.a. vegna Fangelsismálastofnunar og Lögreglustjórans á Suðurlandi.

Hlutfall stöðugilda sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið eru á bilinu 2% til 6% af stöðugildum í hverjum landshluta. Utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að þessi stöðugildi séu vegna Landsvirkjunar, Skattsins og ÁTVR.


Vestfirðir skera sig úr hvað varðar hlutfall stöðugilda sem tilheyra málaflokkum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins en þar er hlutfall stöðugilda sem heyra undir ráðuneytið 16% en annars staðar mest 7%. Ástæða þess eru fyrst og fremst stöðugildi á vegum Orkubús Vestfjarða.

Þá sker Norðurland vestra sig úr vegna hlutfalls stöðugilda sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Þar heyra 13% stöðugilda undir ráðuneytið og er það aðallega vegna stöðugilda á vegum Vinnumálastofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dreifast nokkuð jafnt yfir landið. Hlutfall þeirra er víðast hvar 3-6% utan höfuðborgarsvæðisins og er það vegna starfa m.a. á vegum Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Veðurstofunnar. Tveir landshlutar skera sig úr hvað varðar hlutfall stöðugilda sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið, annars vegar Suðurnes þar sem 0,5% stöðugildanna eru á vegum ráðuneytisins og hins vegar Norðurland vestra þar sem hlutfallið er 0,4%.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis eða eru vegna yfirstjórnar ríkisins, eru færri en hjá öðrum ráðuneytum og dreifast mun minna um landið. Jafnréttisstofa heyrir undir forsætisráðuneytið og er hún með starfsemi á Akureyri. Utanríkisráðuneytið er með nokkur störf utan höfuðborgarsvæðisins, fyrst og fremst stöðugildi hjá Þýðingamiðstöð. Nær öll stöðugildi vegna yfirstjórnar ríkisins eru á höfuðborgarsvæðinu, enda eru það að miklu leyti stöðugildi tengd Alþingi og ríkisstjórn.

Mynd 1. Skipting stöðugilda ríkisins á málaflokka ráðuneyta í hverjum landshluta.



Höfuðborgarsvæðið

Stöðugildum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 444 eða um 2,5% á árinu 2020 (tafla 4). Í Garðabæ voru stöðugildi við áramót 20 fleiri en á síðasta ári, eða sem nemur 8,6%, fyrst og fremst vegna fjölgunar sem varð hjá Hrafnistu vegna COVID-19. Í Hafnarfirði fjölgaði stöðugildum um 186 eða 35,2% milli ára og er meirihlutinn vegna flutninga aðalstöðva Hafrannsóknarstofnunar frá Reykjavík. Í Kópavogi fjölgaði stöðugildum um 13 eða 1,6%, til að mynda vegna fjölgunar stöðugilda hjá Sýslumanni höfuðborgarsvæðisins, Greiningar- og ráðgjafarstöð og Heilsugæslunni. Í Reykjavík fjölgaði stöðugildum um 216 sem eru 1,4%. Þar varð fjölgun m.a. hjá Landspítala, Heilsugæslunni, Vinnumálastofnun og Hrafnistu, en mest fækkaði hjá Háskóla Íslands, félögum tengdum ISAVIA og RÚV. Í Seltjarnarnesbæ fækkaði stöðugildum um þrjú eða 6,5% sem helst má rekja til fækkunar stöðugilda hjá Fangelsismálastofnunar.

Tafla 4. Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Garðabær	242	241	232	233	236	236	256
Hafnarfjarðarkaupstaður	740	642	666	643	594	527	713
Kjósarhreppur	1	1	1	1	1	1	1
Kópavogsbær	635	623	766	768	834	864	877
Mosfellsbær	304	304	299	265	270	271	284
Reykjavíkurborg	14.221	14.539	14.731	15.114	15.467	15.701	15.917
Seltjarnarnesbær	32	34	33	51	48	55	52
Samtals	16.175	16.383	16.728	17.075	17.450	17.655	18.099

Suðurnes

Á Suðurnesjum fækkaði stöðugildum um 159 eða 13,1% á árinu 2020 en lítil breyting varð á stöðugildum annars staðar en í Reykjanesbæ (tafla 5). Fækkunina á Suðurnesjum má að langmestu rekja til fækkunar stöðugilda hjá félögum tengdum ISAVIA í Reykjanesbæ og að einhverju leyti til fækkunar hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Á móti varð nokkur fjölgun stöðugilda hjá Hrafnistu, Vinnumálastofnun og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Tafla 5. Stöðugildi á Suðurnesjum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Grindavíkurbær	35	37	38	42	40	40	40
Reykjanesbær	952	1.068	1.231	1.381	1.395	1.334	1.175
Suðurnesjabær	2	3	4	4	4	3	3
Sveitarfélagið Vogar	1	1	1	0	0	1	1
Samtals	991	1.110	1.274	1.427	1.439	1.378	1.219

Vesturland

Á Vesturlandi fækkaði stöðugildum um 10 árið 2020 sem jafngildir 1,1% (tafla 6). Mest fækkun stöðugilda varð á Akranesi, 12 stöðugildi eða 3,0%, fyrst og fremst vegna fækkunar hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Stöðugildum fjölgaði um þrjú í Borgarbyggð, í Grundarfjarðarbæ og í Stykkishólmsbæ. Í Snæfellsbæ fækkaði stöðugildum um fjögur eða 8,0%, aðallega vegna fækkunar hjá Hafrannsóknarstofnun og Lögreglunni á Vesturlandi. Í Dalabyggð fækkaði stöðugildum um tvö eða 4,9%.

Tafla 6. Stöðugildi á Vesturlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Akraneskaupstaður	334	329	346	367	378	382	370
Borgarbyggð	248	255	228	222	218	221	224
Dalabyggð	48	48	50	50	48	44	42
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0	0	0	0	0
Grundarfjarðarbær	52	49	50	49	49	51	54
Helgafellssveit	0	0	0	0	0	0	0
Hvalfjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	1
Skorradalshreppur	0	0	0	3	4	4	4
Snæfellsbær	40	38	43	43	42	46	42
Stykkishólmsbær	100	91	87	85	84	83	86
Samtals	823	812	806	821	823	833	823

Vestfirðir

Á Vestfjörðum fjölgaði stöðugildum um átta árið 2020 en fjölgunin var að mestu bundin við Ísafjarðarbæ (tafla 7). Menntaskólinn á Ísafirði, Háskóli Íslands og Veðurstofa Íslands voru meðal þeirra stofnana þar sem stöðugildum fjölgaði í landshlutanum á árinu. Í Bolungarvík, Súðavíkurbreppi og Strandabyggð fækkaði stöðugildum um eitt en í Vesturbyggð fjölgaði um tvö.

Tafla 7. Stöðugildi á Vestfjörðum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Árneshreppur	2	2	2	2	2	1	1
Bolungarvíkurkaupstaður	33	28	27	26	23	22	21
Ísafjarðarbær	279	285	310	314	319	314	322
Kaldrananeshreppur	0	0	0	0	1	1	1
Reykholahreppur	10	12	13	12	11	12	12
Strandabyggð	38	39	41	38	40	40	39
Súðavíkurbreppi	1	1	0	0	1	1	0
Tálknafjarðarhreppur	0	0	0	0	0	0	0
Vesturbyggð	51	53	58	56	55	57	59
Samtals	412	418	451	447	452	447	455

Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra fjölgaði um 24 stöðugildi árið 2020 eða um 4,9% (tafla 8). Mest fjölgun varð í Sveitarfélaginu Skagafirði eða um 17 stöðugildi, en það eru 5,6%. Þar munaði mestu um fjölgun stöðugilda hjá Háskólanum á Hólum, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Í Sveitarfélaginu Skagatrönd fjölgaði stöðugildum um fimm eða 19,2%, aðallega vegna fjölgunar hjá Vinnumálastofnun. Í Blönduósbæ fjölgaði stöðugildum um þrjú eða 3,7%. Í Húnaþingi vestra fækkaði stöðugildum um eitt og í Húnavatnshreppi fjölgaði um eitt.

Tafla 8. Stöðugildi á Norðurlandi vestra.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Akrahreppur	1	1	1	1	1	1	1
Blönduósbær	87	84	81	84	83	82	85
Húnavatnshreppur	13	13	14	15	18	14	15
Húnaþing vestra	64	66	62	62	63	65	64
Skagabyggð	0	0	0	0	0	0	0
Sveitarfélagið Skagafjörður	281	285	294	294	299	301	318
Sveitarfélagið Skagatrönd	23	20	20	21	22	24	28
Samtals	469	469	471	477	485	487	511

Norðurland eystra

Stöðugildum fjölgaði um 41 eða rúm 2% á Norðurlandi eystra á árinu 2020 (tafla 9). Í Akureyrarbæ fjölgaði stöðugildum um 37 eða 2,4%. Fjölgun stöðugilda var ekki áberandi hjá einni stofnun umfram aðrar heldur fjölgaði um eitt til fjögur stöðugildi hjá mörgum stofnunum, meðal annars hjá Háskólanum á Akureyri, Íslandspósti, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Vinnumálastofnun, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Matís. Á móti varð fækkun meðal annars hjá RÚV, Menntaskólanum á Akureyri og Fangelsismálastofnun. Í Norðurþingi fjölgaði stöðugildum um þrjú, m.a. hjá Vatnajökulspjóðgarði og Vegagerðinni, en í Fjallabyggð og Langanesbyggð fjölgaði stöðugildum um tvö. Í Skútustaðahreppi fækkaði stöðugildum um tvö.

Tafla 9. Stöðugildi á Norðurlandi eystra.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Akureyrarbær	1.395	1.405	1.443	1.489	1.523	1.541	1.577
Dalvíkurbyggð	53	53	55	53	52	52	52
Eyjafjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	2
Fjallabyggð	114	113	110	111	108	108	110
Grýtubakkahreppur	1	2	1	2	2	2	2
Hörgársveit	2	2	1	1	1	1	1
Langanesbyggð	14	16	18	19	20	18	20
Norðurþing	161	171	174	177	178	179	182
Skútustaðahreppur	24	21	25	39	34	34	32
Svalbarðshreppur	0	0	0	0	0	0	0
Svalbarðsstrandahreppur	0	0	0	0	0	0	0
Tjörneshreppur	0	0	0	0	0	0	0
Þingeyjarsveit	31	31	29	29	26	28	28
Samtals	1.796	1.815	1.858	1.922	1.944	1.964	2.005

Austurland

Stöðugildum fjölgaði um þrjú eða um 0,6% á Austurlandi árið 2020 (tafla 10). Í Fjarðabyggð fækkaði stöðugildum um þrjú, eða sem samsvarar 1,3%, m.a. vegna fækkunar hjá Uppsölum á Fáskrúðsfirði og Heilbrigðisstofnun Austurlands. Þó varð nokkur fjölgun stöðugilda hjá Íslandspósti og hjá Vegagerðinni í Fjarðabyggð. Í Múlaþingi fjölgaði stöðugildum um sex, eða 2,1%, fyrst og fremst vegna fjölgunar hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Í Vopnafjarðarhreppi fjölgaði um eitt stöðugildi árið 2020.

Tafla 10. Stöðugildi á Austurlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Fjarðabyggð	247	246	247	233	243	238	235
Fljótsdalshreppur	15	15	14	15	15	15	15
Múlaþing	288	283	291	300	292	292	298
Vopnafjarðarhreppur	6	9	10	10	10	10	11
Samtals	556	553	562	557	560	555	558

Suðurland

Stöðugildum fjölgaði um níu eða um 0,6% á Suðurlandi árið 2020 (tafla 11). Í Bláskógabyggð fækkaði stöðugildum um 31 eða 36,4% á árinu 2020 en fækkunin kemur að mestu til vegna rekstrarbreytinga hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Einnig fækkaði stöðugildum hjá Umhverfisstofnun og Háskóla Íslands í Bláskógabyggð. Í Grímsnes- og Grafningshreppi fækkaði stöðugildum um eitt hjá Landsvirkjun. Í Hveragerðisbæ fjölgaði stöðugildum um eitt. Þar varð nokkur fækkun hjá Heilsustofnun NLFÍ en álíka fjölgun varð á móti hjá dvalarheimilinu Ási. Í Mýrdalshreppi fækkaði stöðugildum um þrjú, helst vegna fækkunar hjá ÁTVR og dvalarheimilinu Hjallatúni. Í Rangárþingi eystra fjölgaði um eitt stöðugildi og í Rangárþingi ytra fækkaði um eitt. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fækkaði stöðugildum um sjö hjá Landsvirkjun. Í Sveitarfélaginu Árborg fjölgaði stöðugildum um 28, annað árið í röð. Þar munaði mestu um fjölgun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands en nokkur fjölgun varð einnig hjá Vinnuálastofnun, Matvælastofnun, FSU og RARIK í Árborg. Á móti varð fækkun meðal annars hjá Landsvirkjun, HÍ og Vinnueftirliti ríkisins. Í Sveitarfélaginu Hornafirði fjölgaði stöðugildum um 13 eða 10,5%, en fjölgun varð m.a. hjá Vatnajökulspjóðgarði, FAS og HÍ í sveitarfélaginu. Stöðugildum fjölgaði um níu í Vestmannaeyjum eða 5,6%. Þar munar mestu um fjölgun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands en einnig fjölgaði hjá Sýslumanninum í Vestmannaeyjum.

Tafla 11. Stöðugildi á Suðurlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Ásahreppur	0	0	0	0	0	0	0
Bláskógabyggð	49	62	61	72	83	85	54
Flóahreppur	0	0	0	0	0	0	0
Grímsnes- og Grafningshreppur	14	14	14	15	16	15	14
Hrunamannahreppur	3	3	2	4	5	4	4
Hveragerðisbær	174	185	200	200	197	192	193
Mýrdalshreppur	37	34	37	41	41	45	41
Rangárþing eystra	48	49	42	43	42	47	48
Rangárþing ytra	99	98	98	105	103	99	98
Skaftárhreppur	21	28	24	26	28	30	30
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	40	40	39	44	56	57	50
Sveitarfélagið Árborg	577	566	559	559	574	602	630
Sveitarfélagið Hornafjörður	108	101	108	127	129	126	140
Sveitarfélagið Ölfus	18	19	19	20	22	20	20
Vestmannaeyjabær	166	158	168	168	180	166	175
Samtals	1.353	1.356	1.374	1.422	1.477	1.488	1.497

Erlendis

Stöðugildi sem unnin eru erlendis á vegum íslenska ríkisins voru 64 í árslok 2020, jafn mörg og ári áður.